

# **Talnaveiðar**

**2016 – 2017**

**Hofsstaðaskóli**

**Bryndís Stefánsdóttir og Eva Björnsdóttir**

## Heiti verkefnis: Talnaveiðar

Áherslupættir: yngsta stig, mat á skólastarfi, stærðfræði.

Styrkþegar: Bryndís Stefánsdóttir og Eva Björndóttir

### Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

- Skima talnaskilning/stærðfræðikunnáttu nemenda í upphafi 1. bekkjar.
- Koma til móts við mismunandi námsþarfir nemenda.

Umsækjendur vilja þróa/útbúa talnaskimun sem hægt væri að leggja fyrir 1. bekk að hausti. Umsækjendur hafa orðið varir við að nemendur í 1. bekk hafa síðastliðin ár komið betur undirbúin fyrir stærðfræðinámið úr leikskólum. Í rannsókn Gerðar G. Óskarsóttur um Skil skólastiga frá 2012 kemur fram að líkur séu á að mikil endurtekning eigi sér stað í stærðfræðinámi í 1. bekk. Með því að skima stærðfræðikunnáttu nemenda að hausti gefur það kennurum tækifæri til að skipuleggja starf komandi vetrar með þarfir nemenda í huga og einstaklingsmiða stærðfræðinámið frekar.

### Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum.

Styrkþegar byrjuðu að skoða þau markmið sem eru notuð við námsmat í 1. bekk í stærðfræði og þá sérstaklega þau sem snúa að talnaskilningi. Eftir þá vinnu var ákveðið að kanna skilning barnanna á tölunum frá 1-10 og einnig þekkingu á grunnformunum. Við uppsetningu og útlit skimunarinnar voru m.a. skoðaðar áþekkar skimanir sem notaðar eru í stafaþekkingu og læsisgreinandi skimanir. Hafa þurft í huga að þegar skimunin var lögð fyrir, höfðu nemendur einungis verið nokkra mánuði í skóla og var þá útbúið sérstak handrit fyrir kennara, til að leiða nemendur í gegnum verkefni þar sem flestir hafa ekki náð tökum á lestri á fyrirmælum. Þá þarf uppsetning á skimuninni einnig að vera skýr, einföld og höfða til nemenda svo þeir sýni verkefninu áhuga og leggi sig fram og haldi athygli. Skimuninni var skipt upp í 7 hluta (verkefni) þar sem mismunandi þættir voru kannaðir; talnaþekking, þekking á grunnformum, talnagildi, munur á minnstu og stærstu tölu og talnaröð. Útbúið var prufueintak sem lagt var fyrir nokkra nemendur í 1. bekk síðastliðið vor sem höfundar töldu að væru ekki búnir að ná markmiðum 1. bekkjar. Þá voru umsækjendur m.a. að skoða lengd skimunarinnar, og hversu auðvelt nemendur ættu með að fylgja fyrirmælunum (eftir handritinu). Eftir það voru gerðar smávægilegar breytingar á bæði skimuninn og handriti. Endurbætt skimunin var svo lögð fyrir 1. bekk í Hofsstaðaskóla af styrkþegum nú í haust og var einnig fengin annar kennari til leggja fyrir skimunina m.a. til að kanna hversu greinargóðar og skýrar leiðbeiningarnar/handritið væru.

### Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks \_\_\_\_\_ 450.000 \_\_\_\_\_

Laun	450.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	
Gögn	

### Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Gera þurfti breytingar eftir fyrstu fyrirlögn, sem var tilraunarútgáfa. Laga þurfti fyrirsmæli sem lesin voru svo textinn yrði áheyrilegri. Einnig var ákveðið að setja æfingadæmi á forsíðu þar sem farið er yfir með nemendum hvernig leysa á verkefnin.

### **Mat á verkefninu**

Það er mat styrkþega að vel hafi tekist hafi með verkefnið. Uppsetning var skýr og áttu nemendur auðvelt með að fylgja leiðbeiningum og leysa verkefnin. Settar voru inn litríkar myndir sem höfðu til nemenda og uppröðun verkefna virtist passa vel. Við mátum sem svo að skimunin væri hæfilega löng fyrir nemendur í upphafi 1. bekkjar með tilliti til athygli og úthalds.

Verkefnið var kynnt í skóla umsækjenda og á Menntadegi Garðabæjar núna í haust og voru þar grunnskólakennarar og leikskólakennarar úr öðrum skólum sem voru mjög áhugasamir og sýndu áhuga á að leggja skimunina fyrir í öðrum skólum. Sú hugmynd kom upp hjá leikskólakennurum að talnaskimunin yrði jafnvel lögð fyrir í leikskóla áður en börnin kæmu í 1. Bekk og fannst styrkþegum það áhugavert og myndu vilja halda þeirri hugmynd á lofti.

Þar sem verkefnið er á öðru formati en word má nálgast það hér af google drive.

[https://drive.google.com/open?id=11ChEEtxzfpDrp96aFF\\_qtFpvCfYrZxd2](https://drive.google.com/open?id=11ChEEtxzfpDrp96aFF_qtFpvCfYrZxd2)

<https://drive.google.com/open?id=1qLfOWlgrKtUezf99QH2fkp6YzyHBTv7M>